

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2008
Tilvísun: UST20080300105/sf

Háspennulínur (220 kV) frá Kröflu að Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Skútastaðahreppi, Aðaldælahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun með bréfi dags. 17. janúar sl. Í töflu 6.1 í tillögu að matsáætlun eru tilgreindar helstu athugasemdir sem framkvæmdaraðila bárust við drög að tillögu að matsáætlun, þ.á m. frá Umhverfisstofnun, og viðbrögð framkvæmdaraðila við þeim athugasemdum. Samkvæmt því sem þar kemur fram verður ekki betur séð en að framkvæmdaraðili muni í frummatsskýrslu fjalla um flesta þá þætti sem athugasemdir Umhverfisstofnunar vörðuðu. Umhverfisstofnun vill þó gera eftirfarandi athugasemdir við matsáætlunina.

Slóðar og vegir

Umhverfisstofnun vill ítreka ábendingu þess efnis að mikilvægt er að ekki verði lagðir efnismeiri vegir en nauðsynlegt er og að slóðagerð miðist við þarfi verkkaupa en ekki verktaka, þ.e. þau vinnutæki sem notuð eru á framkvæmdatíma ráði því ekki hversu miklir vegirnir eru heldur væntanleg umferð vegna viðhalds á háspennulínunum. Þar sem vegir liggja um hraun verði lögð áhersla á að efni verði keyrt út á hraunið og hraunið ekki sléttað með jarðýtu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þessi vinnubrögð verði viðhöfð til að draga sem mest úr sjónrænum áhrifum mannvirkja.

Á bls. 26 í tillögu að matsáætlun segir m.a.: „Frá Þeistareykjum að Kísilvegi verða slóðir lagðar í væntanlega veglínu framtíðarveggar sem e.t.v. verður byggður síðar af rekstraraðilum virkjana á svæðinu.“ Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu eigi að gera frekari grein fyrir áformum um framtíðarveg, þ.e. hvort og þá hvenær áformað er að byggja þann veg og hvernig slóðagerð vegna háspennulínanna samræmist þeim áformum.

Efnistaka

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði um efnistöku í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og leggja fram tillögu að efnistökuáætlun í frummatsskýrslu, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða.

Verndarsvæði

Í kafla 2.3.4, Vernd, segir m.a. að í skýrslu um verndarsvæði í Skútustaðahreppi sé lögð fram tillaga um að fálkar í Mývatnssveit njóti sérstakrar verndar, með áherslu á búsvæðavernd, umfram þá vernd sem þeim er veitt í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að auk tillögu um vernd fálka í Mývatnssveit hefur stofnunin gert tillögu um vernd nokkurra svæða innan Skútustaðahrepps vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár. Meðal þeirra er svæði sem nær frá hverasvæðinu við Námafjall sunnan við Þjóðveg allt norður fyrir Hrutafjöll. Stofnunin telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði einnig fjallað um framangreint svæði og áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á það. Vekja má athygli á að í bréfi Umhverfisstofnunar til umhverfisráðuneytis dags. 23. september 2004 vegna fyrrgreindra tillagna segir m.a.:

„Stofnunin telur afar brýnt að ekki verði heimilaðar framkvæmdir á fyrirhuguðum verndarsvæðum fyrr en samkomulag hefur náðst um friðlýsingu viðkomandi svæðis.“

Þá vekur Umhverfisstofnun athygli á að unnið er að gerð verndaráætlunar samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Náttúrufar

Umhverfisstofnun telur að sýna eigi á korti búsvæði sjaldgæfra tegunda og tegunda á valista ef þær er að finna innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar.

Landslag

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að unnin verði landslagsgreining á línuleiðunum og mat lagt á áhrif framkvæmda á landslagsheildir auk sjónrænna áhrifa. Einnig kemur fram að í frummatsskýrslu verður fjallað um á hvaða hátt fyrirhugaðar framkvæmdir geta haft áhrif á landslag og sjónræna þætti og hugsanlegar mótvægisáðgerðir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að greining á landslagi verði ekki eingöngu notuð til að meta áhrif framkvæmda á landslag heldur einnig nýtt til að meta hvar best sé að staðsetja mannvirki m.t.t. áhrifa á landslag. Stofnunin telur að gera eigi grein fyrir því í frummatsskýrslu hvaða áhrif landslagsgreiningin hefur haft á línuleiðir og staðsetningu mannvirkja.

Eins og fram kom í athugasemdum Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun hafa stofnuninni borist ábendingar um að möstur á línuleið C muni bera við sólarlagið á sumrin úr Reykjahlíð og Mývatnssveit. Ef svo er, er mikilvægt að það komi fram í frummatsskýrslu og að fjallað verði um þau áhrif í skýrslunni.

Vatnsvernd


Í tillögu að matsáætlun vegna Þeistareykjavirkjunar kom m.a. fram að vegstæði milli Húsavíkur og Höfuðreiðarmúla er innan vatnsverndarsvæðis vatnsbóls Húsavíkur. Frá Húsavík að suðurenda Höskuldavatns er vegstæðið innan grannsvæðis vatnsbólsins en við Höfuðreiðarmúla er vegstæðið innan fjarsvæðis þess. Fyrirhugaðar háspennulínur liggja einnig innan vatnsverndarsvæðis en ekki er fjallað sérstaklega um vatnsvernd í tillögu að matsáætlun fyrir háspennulínurnar. Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu verði að

fjalla um hugsanleg áhrif framkvæmda á vatnsvernd á svæðinu og hvort nauðsynlegt er að grípa til einhverra mótvægisáðgerða, t.d. á framkvæmdatíma.

Samlegðaráhrif

Samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. febrúar sl. telur stofnunin ekki ríka þörf á sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, stækkunar Kröfluvirkjunar og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum til Húsavíkur. Skipulagsstofnun leggur hins vegar mikla áherslu á að frummatsskýrslur fyrir Þeistareykjavirkjun, stækkun Kröflu og háspennulínur til Húsavíkur annars vegar og álvers og hafnar við Húsavík verði til umfjöllunar á sama tíma. Stofnunin leggur einnig áherslu á samþættingu umfjöllunar í einstökum frummatsskýrslum þannig að í samantekt þeirra verði yfirlit yfir allar þessar tengdu framkvæmdir, þ.e. orkuver, orkuflutning, álver og höfn og megin umhverfisáhrif þeirra, einkum með tilliti til sammögnunar, eins og þau eru þekkt á hverjum tíma. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að farið verði að framangreindum tilmælum Skipulagsstofnunar við mat á umhverfisáhrifum fyrrgreindra framkvæmda.

Virðingarfyllst


Sigrós Friðriksdóttir
Lagstjóri



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri